

Reykjavík, 22. maí 2018
R18040079
1252

Borgarráð

Skákfélagið Hrókurinn - styrkur

Lagt er til að borgarráð samþykki að styrkja Skákfélagið Hrókinn um 3 m.kr. vegna 20 ára afmælis félagsins. Styrkurinn mun nýtast til margvíslegra verkefna en skákfélagið mun meðal annars halda árlegt skákmót í Nuuk á Grænlandi, halda opið afmælisskákmót í Reykjavík og bjóða öllum grunnskólum Reykjavíkur fjöltefli og fræðslu. Kostnaður þessi mun greiðast af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205, inn á kostnaðarstaðinn 01100, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf til borgarráðs frá Skákfélaginu Hróknum, dags. 9. apríl sl.



Hrókurinn

Málsnr: ^{243 rann á gæðafétt} 218040079
Skjalasafn Ráðhúss
11. apríl 2018
Bréfalykill: 1252

Reykjavík, 9. apríl 2018

**Til Borgarráðs Reykjavíkur
Frá Skákfélaginu Hróknum**

Efni: Skákhátíð í Nuuk 2018, tuttugu ára afmæli Hróksins, heimsóknir í grunnskóla Reykjavíkur

Skákfélagið Hrókurinn þakkar Reykjavíkurborg langa og góða samfylgd og stuðning. Hrókurinn fagnar á þessu ári tuttugu ára afmæli. Við höldum jafnframt upp á fimmtán ára starfsafmæli á Grænlandi, Barnaspítala Hringsins og Vin. Við lítum stolt um öxl og með tilhlökkun til framtíðarinnar.

Í júní er komið að okkar árlegu skákhátíð í Nuuk, vinaborg Reykjavíkur á Grænlandi. Reykjavíkurborg hefur frá upphafi verið aðalbakhjarl hátíðarinnar. Efnt er til skákmóta og fjöltefla; skólar, leikskólar, fangelsi, sjúkrahús og athvörf heimsótt. Yfirskrift hátíðarinnar 2018 er „Með gleðina að leiðarljósi“.

Haldið verður upp á afmæli Hróksins með margvíslegum hætti. Hápunktur verður í september þegar haldið verður opið afmælisskáknot í Reykjavík.

Í tilefni af afmælinu mun Hrókurinn á haustdögum bjóða öllum grunnskólum Reykjavíkur fjöltefli og fræðslu, þeim að kostnaðarlausu. Skólaheimsóknir Hróksins gegnum tíðina skipta þúsundum, og við höfum gegnum árin heimsótt alla skólana í Reykjavík, flesta margoft.

Þá munum við halda áfram okkar góðu samvinnu við UNICEF á Íslandi, Rauða krossinn, Fatimusjóðinn og Hjálparstarf kirkjunnar. Árið 2017 söfnuðu Hróksliðar 5 millj. króna í þágu barna í Jemen og Sírlandi, og um 40 millj. vegna náttúruhamfaranna á Grænlandi. Nú í maí verður efnt til skákmaraþons, og mun undirritaður freista þess að tefla í 30 klukkustundir, og safna framlögum og áheitum, í þágu barna í Jemen.

Hrókurinn ítrekar þakkir til Reykjavíkurborgar fyrir tuttugu ára samfylgd, og óskar eftir 3 millj. styrk vegna ofangreindra verkefna, sem skapa munu ótal gleðistundir, jafnt fyrir börn og fullorðna á Íslandi og Grænlandi.

Með kærri kveðju,

Hrafn Jökulsson

Hrafn Jökulsson
Drafnarstíg 3
101 Reykjavík

Sími 763 1797 / Netfang hrafnjokuls@hotmail.com